

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 14. febrúar 2024
UST202402-174/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 - Frístundabyggð í landi Hvamms og íbúðarbyggð í landi Seljavogar 2a.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 - vegna frístundabyggðar í landi Hvamms og íbúðarbyggð í landi Seljavogar 2a.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina um 0,4 ha. frístundabyggð og minnkar opið svæði um 0,34 ha. og svæði fyrir samfélagsþjónustu um 0,06 ha. Auk þess gengur breytingin út á að 0,8 ha lands Seljavogi 2a er breytt í íbúðarbyggð og minnkar opið svæði sem því nemur.

Sandfellshæð

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðisstofnunar Íslands (NÍ) er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og nefnist það Sandfellshæð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillöggunni.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé vel grasi gróið mólendi og engin tré eða runnagróður eru á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ er lynghraunavist¹ innan svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða

¹ [Lynghraunavist](#)

„hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um svæðið í tillögnum, hvort finnst jarðminjar á skipulagssvæðinu og sett séu skilyrði um verndun þeirra.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit² um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

² https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3%b0b_minni%20fr%3%a1veitur_LOKA.pdf